

Íslenskan verði nothæf í stafrænum heimi

Eftir Guðmund Skúla Johnsen og Sigþór U. Hallfreðsson

Tungan þarf að vera nothæf í stafrænum heimi. Með gríðarlegum breytingum á tölvunotkun, máltækni með gervigreindartækni og talgervlum eiga smá málsamfélög í vök að verjast. Varðstaða móðurmálsins ákvarðar hvernig þeim reidir af.

Einingis framþróun þar sem íslenskan er felld inn í tölvutækni og stafræna þjónustu verður hún raunverulegur valkostur í öllu viðmóti og upplýsingavinnslu. Fylgi íslenskan ekki tækni situr hún eftir og tæki nýta önnur tungumál.

Samkeppnishæfni samfélags og tungu

Tungumál eru æ meira nýtt í samskiptum og tæki verða sífellt meira notuð til að vinna með tungu-



Guðmundur Skúli Johnsen



Sigþór U. Hallfreðsson

mál. Ný gervigreindartækni gerir okkur kleift að hagnýta stór texta-, mál- og upplýsingasöfn með áður óframkvæmanlegum hætti. Dæmi um það eru sjálfvirk fyrirspurna- og samtalskerfi sem eru hagkvæm og bæta þjónustu fyrirtækja og stofnana. Þýðingarvélur auka framleiðni þýðenda og gera aukið efni aðgengilegt á ólíkum tungum. Áheyrilegir talgervlar létta aðgengi að efni á hljóðbókaformi jafnvel á tungum fámennra þjóða.

» Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar þarf skýra yfirlýsingu um nýja máltækniáætlun sem varðturn íslenskrar tungu í ólgusjó tækniframfara.

Mikilvægt fyrir blinda, sjónskerta og lesblinda

Hugbúnaður sem gerir fólki kleift að tala og skrifa, sem annars væri ókleift sakir fötlunar eða sjúkdóma, getur gjörbreytt lífsgæðum. Engum blöðum er um það að fletta að ný máltækni gagnast blindum, sjónskertum og lesblindum sérstaklega vel ásamt því að leika lykhillutverk í aðgengi upplýsinga fyrir alla í samfélaginu. Þúsundir félagsmanna Blindrafélags Íslands og Félag lesblindra á Íslandi hafa miklar væntingar til framþróunar íslensku í stafrænum heimi.

Þessi tækniþróun er fyrirheit um

aukin lífsgæði og samkeppnishæfni atvinnulífs, samfélags og tungumáls. Til að svo sé verður að tryggja fólki, fyrirtækjum og stofnunum að geta nýtt máltækni án þess að flókin og þung tækni- og innviðaðróun standi fyrir þrifum.

Síðasta ríkisstjórn stóð að framkvæmd máltækniáætlunar sem miðaði að gjaldgengi íslenskrar tungu í stafrænum heimi. Verkefnið var samvinna rannsóknastofnana, háskóla, fyrirtækja og frjálsra félagsamtaka. Margvíslegum tal- og textagögnum var safnað og forskriftir að talgreiningarvélum, talgervlum, ritvinnslustöð og vélrænum þýðingarvélum gefnar út. Nýjar „raddir“ hafa verið felldar inn í Android-stýrikerfið sem er auðvelt að viðhalda og bæta með innlendri þekkingu. Enn er þó langt í land.

Máltækni í nýjan stjórnarsáttmála

Fyrstu máltækniáætluninni lýkur senn og því skorum við á stjórnvöld að hefja undirbúning og fram-

kvæmd nýrrar máltækniáætlunar. Finna leiðir til að koma afurðum fyrstu áætlunarinnar í hendur tækninotendum. Tækninni fleygir fram og Ísland verður að halda í við þróun stærri málsvæða.

Máltækni er mikið jafnréttis- og mannréttindamál fyrir blinda, sjónskerta og lesblinda. Hún skiptir einnig miklu máli í allri nýsköpun og tækniþróun og er grundvöllur aukinnar skilvirkni í fyrirtækjarekstri sem og hjá hinu opinbera.

Við hvetjum forystumenn íslenskra stjórnsmála til að tryggja áfram gott skipulag og samstillt átak um sterka stöðu íslensku. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar þarf skýra yfirlýsingu um nýja máltækniáætlun sem varðturn íslenskrar tungu í ólgusjó tækniframfara. Varðstöðu um það sem sameinar okkur sem þjóð.

Guðmundur Skúli er formaður Félags lesblindra. Sigþór er formaður Blindrafélagsins. gsj@habilis.is; suh@blind.is